

Systkinaafsláttur

Ef fleiri en eitt barn eru í dvöl í tómstundaheimili, á leikskóla eða hjá dagforeldrum eiga foreldrar rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Ávallt er greitt fullt verð fyrir yngsta barnið. Veittur er 50% afsláttur af dvalargjaldi fyrir barn umfram eitt og 100% afsláttur af dvalargjaldi fyrir hvert barn umfram tvö. Fullt verð er greitt fyrir fæði.

Foreldrar sem eiga þrjú börn eða fleiri og kaupa mat í mötuneytum grunnskóla Borgarbyggðar fá afslátt ef börnin eru fleiri en tvö. Veittur er 20% afsláttur fyrir þriðja barn, 30% afsláttur fyrir fjórða barn, 40% afsláttur fyrir fimmta barn og 50% afsláttur fyrir sjötta barn. Greitt er fullt gjald fyrir elstu börnin en afsláttur er reiknaður á gjald hinna barnanna í aldursröð. Til að njóta afsláttar þurfa öll börnin að eiga sama lögheimili.

Tónlistarskóli Borgarbyggðar veitir 25% afslátt af gjaldi annars barns og 50% afslátt af þriðja barni. Veittur er afsláttur að skólagjöldum þeirra barna sem greiða lægra gjald skv gjaldskrá skólans.